

---

# Deililíkan Háskóla Íslands

---

Skýrsla til rektors

---

Tillögur um breytingar og úrbætur

---

I.	Inngangur.....	2
II.	Aðdragandi .....	2
III.	Reiknilíkan ráðuneytisins.....	3
IV.	Reglur nr. 646/1999.....	7
V.	Deililíkan Háskóla Íslands.....	8
VI.	Tillögur .....	16

## I. Inngangur

Háskóli Íslands skiptir ríkisframlagi eftir svonefndu deililíkani. Verkefni nefndarinnar var að fara yfir líkanið, skoða hvernig það virkar og koma með tillögur um *mögulegar breytingar* eða *úrbætur* á því. Nefndina skipuðu Magnús Lyngdal Magnússon, aðstoðarmaður rektors (formaður), Ebba Þóra Hvannberg prófessor, Friðrika Harðardóttir, forstöðumaður Skrifstofu alþjóðasamskipta, Stefán B. Sigurðsson, prófessor við Háskólann á Akureyri, og Þórólfur Þórlindsson, prófessor emeritus. Nefndin tók til starfa vorið 2016 en meginþungi vinnunnar fór fram á haustdögum sama ár. Skoðaðar voru tölur fyrir tímabilið 2010-2016.

Þar sem deililíkanið skiptir ríkisframlagi varð ekki undan því vikist að skoða samhliða með hvaða hætti mennta- og menningarmálaráðuneytið ákvarðar árlegt framlag til háskólans. Skýrslan hefst því á stuttu yfirliti yfir fjárveitingar til háskólastigsins og tilurð svonefnds reiknilíkans ráðuneytisins en það hefur mikil og bein áhrif á deililíkan háskólans.

## II. Aðdragandi

Deililíkan Háskóla Íslands, þ.e.a.s. sú jafna sem notuð er til þess að reikna framlag niður á einstök fræðasvið og deildir skólans, á sér langa sögu. Hana má rekja til ákvörðunar stjórnvalda að hætta að greiða fyrir fjölda skráðra nemenda í skólanum hverju sinni en taka þess í stað upp svonefnt reiknilíkan kennslu þar sem miðað var við að greiða fyrir þreyttar einingar. Þetta var niðurstaða ára- og jafnvel áratugalangrar baráttu skólans fyrir auknum fjárframlögum en skólinn hafði um langt skeið bent á fjársveldi skólans, ekki hvað síst í samanburði við háskóla á Norðurlöndum.

Fjármálanefnd skólans var komið á fót árið 1990 og hvarf hún frá fyrra fyrirkomulagi þar sem fjárveitingum til skólans var skipt í samræmi við kostnað (áætlaðan, útlagðan, raun) og fyrirliggjandi stöðuheimildir. Þess í stað ákvað nefndin að stefnan skyldi tekin á að veita fjárheimildir í samræmi við mælanlegan árangur í kennslu og rannsóknum. Fyrst var þróað líkan sem tók að hálfu leyti til hefðbundinna stöðuheimilda og að hálfu til fjölda virkra nemenda. Síðan voru teknir inn fleiri árangursmælikvarðar á kennslu og rannsóknir og nær alfarið horfið frá því að líta til kostnaðar við úthlutun fjárveitinga.<sup>1</sup>

Um svipað leyti og fjármálanefnd skólans tók til starfa varð mikil breyting á fjárlagagerð ríkisins. Dregið var verulega úr miðstýringu en þess í stað tekin upp

---

<sup>1</sup> *Aldarsaga Háskóla Íslands 1911-2011*. Gunnar Karlsson ritstjóri. Reykjavík 2011, bls. 555.

rammafjárlög en þau byggjast á því að Alþingi og ríkisstjórn ákveði heildarútgjöld ríkissjóðs fyrir komandi ár en ráðuneyti hvert um sig fá ákveðna fjárveitingu til ráðstöfunar og reksturs þeirra málaflokka sem undir þau falla. Þetta gerðist í þrepum. Hvert ráðuneyti hefur þannig sjálfðæmi um skiptingu fjármuna. Þetta þýðir að ráðherra og forstöðumenn undirstofnana bera ábyrgð á sínum hluta fjárveitinganna. Þannig ber forstöðumönnum ríkisstofnana skylda til þess að halda sig innan fjárheimilda hvers árs.<sup>2</sup> Með nýjum lögum um fjárreiður ríkisins, sem samþykkt voru árið 2016, eru enn ríkari skyldur lagðar á herðar forstöðumanna ríkisstofnana að halda sig innan fjárheimilda.

### III. Reiknilíkan ráðuneytisins

Úr þessu umhverfi spratt samningur skólans við ríkið um fjárhagsleg samskipti og kennslu til háskólaprófs, embættisprófs og meistaraprófs en hann gekk undir heitinu kennslusamningur. Undirritun fór fram 5. október 1999 og fólst inntak hans m.a. í því að nú yrði greitt fyrir hvern þann nemanda sem stundaði nám sitt af kappi og lyki námskeiðum með prófum.<sup>3</sup> Samhliða gerð samningsins voru gerðir útreikningar á kostnaði við nám að sænskri fyrirmynd. Tengsl íslenska reiknilíkansins við það sænska virðast frá upphafi hafa verið afar óljós. Það liggur hins vegar ljóst fyrir að mikill munur hefur verið á fjármögnun sænskra háskóla og Háskóla Íslands frá því að íslenska reiknilíkanið var tekið upp. Það er ljóst að sænskir háskólar hafa úr að spila nær tvöfalt meira fjármagni en Háskóli Íslands.<sup>4</sup>

Reglur um fjárveitingar til háskóla nr. 646/1999 voru settar á grundvelli laga nr. 136/1997. Þær fólu í sér þá grundvallarbreytingu að fjárveitingar voru látnar fylgja nemendum óháð aðstæðum og fyrirkomulagi hjá hverjum skóla. Ef nemendum fjölgaði var gert ráð fyrir að framlög hækkuðu og öfugt ef þeim fækkaði. Miðað var við að hámarksfjöldi nemenda á hverju fræðasviði sem skóli fengi framlag fyrir væri ákveðinn í samningi. Áður voru engin bein tengsl á milli fjárveitinga og nemendafjölda eða náms í boði.

Frumkvæði að gerð reiknilíkans vegna fjárveitinga til kennslu í íslenskum háskólum kom frá Háskóla Íslands. Í skýrslu fjármálanefndar skólans *Kennslukostnaður við Háskóla Íslands – Skýringar með reiknilíkani* frá apríl 1995 segir m.a.: „Undanfarin ár hafa fjárveitingar til Háskóla Íslands verið mjög til umræðu vegna þess að þær hafa skorið starfsemi skólans

---

<sup>2</sup> Op.cit. 555.

<sup>3</sup> Op.cit. 555.

<sup>4</sup> OECD – Education at a Glance 2016.

sífelld þrengri stakk. Í þeirri umræðu hafa menn gjarnan litið til erlendra háskóla og þeirra fjármuna sem þeir hafa yfir að ráða til að sýna fram á hve knappar fjárveitingar til Háskólans hafa verið. Er þá oft vitnað til gagna um meðalfjárveitingu á hvern stúdent til samanburðar. Slíkur samanburður milli háskóla í mismunandi löndum er þó ætíð varasamur og kemur margt til.“ Síðar segir: „Við samanburð á fjárveitingum og útreikningi fjárþarfar er nauðsynlegt að líta á einstaka þætti í starfi skóla.“ Loks segir: „Sá hluti af starfi háskóla sem auðveldast er að bera saman er kennsla til fyrstu háskólagráðu ... Fjármálanefnd hefur leitað leiða til að reikna út hve háar fjárveitingar þarf til að reka þetta kennslustarf Háskólans með þeim hætti að það eigi möguleika á að standast alþjóðlegan samanburð. Hefur þá verið lögð til grundvallar vinna við kennslu og kostnaður henni tengdur. Stuðst hefur verið við gögn um kennsluhætti í Vestur-Evrópu og einkum nýlegt mat sænskra stjórnvalda á þessum gögnum. Þar er að finna staðla um umfang kennslu á mismunandi námsleiðum sem unnt er að beita á hina ýmsu námsleiðir við Háskóla Íslands.“

Ákveðið var að þróa líkan sem styddist við kostnaðarmat sem Svíar höfðu unnið á sænsku háskólanámi árið 1992 en að miða að öðru leyti við raunkostnað á Íslandi. Samkvæmt upphaflegum reglum um reikniflokka háskólanáms voru flokkarnir 7 talsins:

<b>Verðflokkar<sup>5</sup></b>	<b>Upphaflegt verðhlutfall 2000</b>	<b>Verðhlutfall 2016</b>
Félags- og mannvísindi, guðfræði, lögfræði og annað sambærilegt nám	1,0	1,0
Styttra nám á sviði tölvunarfræði og stærðfræði og annað sambærilegt nám	1,6	1,6
Kennaranám og annað hliðstætt nám sem m.a. felst í æfingarkennslu	1,7	1,5
Hjúkrunarfræðinám og annað hliðstætt nám sem m.a. felst í þjálfun við meðhöndlun sjúklunga	1,8	2,0
Raunvísindi, verk- og tæknifræði með verklegum æfingum og notkun sérhæfðs búnaðar og þjálfunar	2,3	2,2
Læknisfræðinám sem m.a. felst í verklegum æfingum, notkun sérhæfðs búnaðar og þjálfunar	3,2	2,8
Tannlæknánám	5,3	4,4

Þannig átti framlag ríkisins ekki lengur að miðast við fjölda skráðra nemenda heldur þann fjölda sem lyki prófum á hverju ári. Lykilhugtakið í hinu nýja kerfi var *þreyttar einingar* og


<sup>5</sup> Fjárlagafrumvarp 2000 og 2016.

Þannig var greidd að fullu fjárveiting með þeim nemanda sem lauk fullu námi en hálf fjárveiting með nemanda í hálfu námi og svo framvegis. Hins vegar er ljóst að þróun framlaga í einstaka reikniflokka hefur ekki þróast með sama hætti. Hér má sjá dæmi þar sem framlög 2011 og 2016 eru borin saman (í þús. kr. á verðlagi hvers árs):

<b>Verðflokkar<sup>6</sup></b>	<b>2011</b>	<b>2016</b>	<b>Breyting</b>
Félags- og mannvísindi, guðfræði, lögfræði og annað sambærilegt nám	474	644	35,9%
Styttra nám á sviði tölvunarfræði og stærðfræði og annað sambærilegt nám	672	1.008	50,1%
Kennaranám og annað hliðstætt nám sem m.a. felst í æfingarkennslu	731	969	32,6%
Hjúkrunarfræðinám og annað hliðstætt nám sem m.a. felst í þjálfun við meðhöndlun sjúklinga	842	1.280	52,0%
Raunvísindi, verk- og tæknifræði með verklegum æfingum og notkun sérhæfðs búnaðar og þjálfunar	935	1.392	48,9%
Læknisfræðinám sem m.a. felst í verklegum æfingum, notkun sérhæfðs búnaðar og þjálfunar	1.371	1.799	31,2%
Tannlæknánám	2.224	2.806	26,2%

Miklar breytingar hafa orðið á íslensku háskólaumhverfi frá því að reglur nr. 646/1999 tóku gildi og kemur þar einkum tvennt til: gríðarleg fjölgun nemenda og fjölbreyttara nám. Á 15 ára tímabili (1999-2013) fjölgaði skráðum nemendum við íslenska háskóla um 115%, úr tæplega 10 þúsund í ríflega 20 þúsund (sjá mynd 1). Þar af leiðandi hefur ekki gefist mikið svigrúm til hækkana í einstökum reikniflokkum þar sem auknar fjárveitingar til háskólastigsins hafa að mestu farið í að greiða fyrir mikla fjölgun nemenda.

<sup>6</sup> Fjárlagafrumvarp 2011 og 2016.



**Mynd 1:** Nemendur í íslenskum háskólum 1999-2012<sup>7</sup>

Ef koma eiga til verulegar breytingar á framlögum til háskóla í gegnum núverandi fyrirkomulag er því ljóst að miklum fjármunum þarf að kosta til að leiðrétta framlög. Þannig má geta þess að nú eru rúm 50% nemenda Háskóla Íslands í reikniflokki 1, það er lægsta reikniflokki, sem sýnir hve illa skólinn er í raun fjármagnaður. Í þessu sambandi er rétt að nefna að hlutfallslega fleiri nemendur eru í lægsta reikniflokki í Háskóla Íslands heldur en til að mynda í Háskólanum í Reykjavík og Háskólanum á Akureyri.<sup>8</sup>

Erfitt er að gera breytingar á deililíkani skólans nema til komi samhliða breytingar á reiknilíkani ráðuneytisins. Um 2/3 hlutar fjármuna koma í gegnum kennsluframlag en um þriðjungur í gegnum það sem nefnist *rannsóknir og annað*. Sú skipting endurspeglast að verulegu leyti í deililíkani Háskóla Íslands en tæplega 2/3 hluta af ríkisframlagi er skipt niður á fræðasvið með kennsluframlagi.

<sup>7</sup> Hagstofa Íslands.

<sup>8</sup> Fjárlagafrumvarp 2016.

#### **IV. Reglur nr. 646/1999**

Reglur nr. 646/1999 um fjárveitingar til háskóla fjalla í fyrsta lagi um hvernig menntamálaráðherra stendur að gerð tillagna um fjárveitingar til háskóla. Í öðru lagi hvernig úthlutun og uppgjóri nemendaframlaga er háttað og að lokum hvernig staðið skuli að skiptingu fjárveitinga innan háskóla.

Samkvæmt reglunum gerir menntamálaráðherra tillögur um fjárveitingu á fjárlögum á grundvelli fjárhags- og starfsáætlunar hvers skóla til fimm ára í senn. Fjárhagsleg samskipti skóla og menntamálaráðuneytis skulu skv. reglunum vera í samræmi við skriflegan samning, en sé samningur ekki í gildi eða áætlanagerð skólans í ósamræmi við gildandi samning gerir ráðuneytið sjálfstæða tillögu um fjárveitingu.

Eftir að reglurnar voru teknar í notkun gerðu ráðuneytið og skólarnir með sér skriflega samninga til fimm ára í senn (svonefndir þjónustusamningar) þar sem kveðið var m.a. á um hámarksfjölda ársnemenda (nemendaígilda) sem hver skóli kenndi og fengi greitt fyrir. Stefnt var að töluverðri fjölgun nemenda á samningstímabilinu en þrátt fyrir það var ekki gert ráð fyrir að skólarnir fengju greitt umfram hámarkið. Til viðbótar við fjárveitingar skóla voru töluverðar fjárhæðir settar á safnlið til að mæta óvissu um nemendafjölda og samsetningu, innan hámarksfjölda skv. samningum, við uppgjör gagnvart skólunum. Ástæða þessa var sú að stefnt var að því að framlög til háskólanna rúmuðust innan fjárlagaramma mennta- og menningarmálaráðuneytisins og að ekki kæmi til aukafjárveitinga. Í greinargerð fjárlagafrumvarpa og skýringum við breytingar Alþingis á frumvörpunum er fjallað nánar um fjárveitingar og forsendur fyrir þeim.

Reglur nr. 646/1999 um framlög voru ekki miðaðar við að taka tillit til mismunandi tilhögunar og aðstæðna í hverjum skóla. Til dæmis er mismunandi samsetning starfsmanna eftir aldri, menntun og ráðningarformi og meðallaun mismunandi, bæði eftir skólum og eftir deildum innan skóla. Sama er að segja um atriði eins og námsframboð, fjölda í hópum, húsnæðisnotkun, tækjakost, hvernig þróunarkostnaður vegna náms og hversu virkir nemendur eru í námi. Þá gera reglurnar ekki greinarmun á staðnámi og fjarnámi. Af þessum sökum var ákveðið að taka sérstaklega fram í reglum og í samningum við hvern skóla að stjórnendur hvers skóla ákveði skiptingu fjárveitingar milli deilda og skora. Í reglunum segir að „háskólaráð hvers skóla ákvarði skiptingu fjárveitingar til háskólans samkvæmt fjárlögum með samþykkttri rammafjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir háskólann“.



## V. Deililíkan Háskóla Íslands

Fjármálanefnd háskólans hefur þróað deililíkan til þess að skipta fjárveitingum til fræðasviðanna. Núverandi inntak þess kemur fram í eftirfarandi jöfnu:

Kennsluhluti

$$F = \left[ c^1 \sum_{i=1}^V R_i \right] + 150BS + 550MS + 2.750ND + 40RS + 0,6ES + 0,35IS + 0,2AS + \text{Annað} - HK$$

Skölun til þess að loka líkaninu

Einstakir þættir líkansins eru:

<b>F</b>	Árleg fjárveiting til fræðasviða
<b>c<sup>1</sup></b>	Hlutfall af kennslufjárveitingu sem fer til sviða
<b>V<sub>i</sub></b>	Virkir nemendur í flokki <i>i</i>
<b>R<sub>i</sub></b>	Reikniflokkur nr. <i>i</i> (árleg upphæð sem háskólar fá greitt fyrir ársnema, svo sem hug- og félagsvísindi, læknisfræði o.s.frv.)
<b>BS</b>	Fjöldi útskrifaðra grunnema
<b>MS</b>	Fjöldi útskrifaðra meistaranema
<b>ND</b>	Fjöldi útskrifaðra námsdoktora
<b>RS</b>	Fjöldi rannsóknastiga
<b>ES</b>	Upphæð erlendra samkeppnisstyrkja
<b>IS</b>	Upphæð innlendra samkeppnisstyrkja
<b>AS</b>	Upphæð annarra styrkja
<b>Annað</b>	Kostnaður við rekstur sviða sem fellur að öðru leyti ekki undir aðra þætti líkansins, t.d. trygging og framlag vegna fámennra/þjóðlegra greina
<b>HK</b>	Kostnaður vegna húsnæðis


Samkvæmt deililíkaninu skiptist fjárveiting til fræðasviðanna eftir árangri í kennslu og rannsóknum, m.a. þreyttum einingum, brautskráningum, rannsóknastigum og sjálfsaflafé. Þeir fjármunir sem eru til skiptanna með deililíkaninu hverju sinni eru háðir fjárlögum og samningi við ráðuneytið. Framlög til skólans hækka ekki sjálfkrafa í samræmi við bættan

árangur í rannsóknum og kennslu. Aftur á móti hefur fjöldi rannsóknastiga bein áhrif á hlutfallslega skiptingu fjármagns til deilda innan skólans þó svo að sá þáttur vegi ekki þungt í jöfnunni og hefur upphæð fyrir hvert rannsóknastig ekki tekið breytingum lengi. Fyrri hluti jöfnunnar, kennsluhlutinn, er skalaður til þannig að niðurstaða jöfnunnar sé í samræmi við árlega fjárveitingu til skólans. Skölun undanfarinna ára hefur verið sem hér segir:

2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
0,7	0,6	0,6	0,6	0,6	0,6	0,8


Fjárveiting sem rennur til fræðasviðanna er hugsuð til þess að mæta kostnaði við kennslu og rannsóknir og þar veða laun kennara til kennslu og rannsókna þyngst.

Samanlögð niðurstaða úr deililíkani fyrir árin 2010-2016 sýnir að kennsluhluti líkansins er langviðamestur eða að jafnaði um 58% á meðan rannsóknir eru réttur fjórðungur. Þá skiptast aðrir liðir nokkuð ólíkt eftir sviðum, þ.e.a.s. framlag til fámennra/þjóðlegra greina, og svo tryggingin (miðlægur stuðningur vegna nemendafækkunar), sbr. mynd 2:



**Mynd 2:** Hlutfallsleg skipting deililíkansins eftir einstökum þáttum 2010-2016 (meðaltal)

Meginþungi líkansins hvílir þannig á framlagi vegna kennslu og rannsókna. Meðalhlutfall árána 2010-2016 fyrir þessa liði er um 85% en það er nokkuð breytilegt eftir fræðasviðum eins og sjá má á mynd 3:




**Mynd 3:** Hlutfallsleg skipting deililíkansins eftir einstökum þáttum 2010-2016 (kennsla og rannsóknir saman)

Félagsvísindasvið, Heilbrigðisvísindasvið og Verkfræði- og náttúruvísindasvið eru yfir meðaltalinu en Hugvísindasvið og Menntavísindasvið eru undir því. Tryggingin – miðlægur stuðningur vegna nemendafækkunar – vegur þyngst á Menntavísindasviði en á tímabilinu 2010-2016 nam tryggingin um fimmtungi af heildarframlagi til sviðsins.

Núverandi deililíkan gerir Háskóla Íslands erfitt fyrir að deila fjármunum skólans í samræmi við þá stefnu að byggja upp öflugan rannsóknarháskóla. Eins og áður segir er 2/3 framlags merkt kennslu og 1/3 rannsóknum. Þó hafa verið innleiddar á síðustu árum breytur í reiknilíkani til að komast til móts við aukið vægi rannsóknánáms með brautskráningargreiðslum fyrir grunn- og framhaldsnema. Munar þar mestu um greiðslur vegna brautskráðra doktorsnemenda. Í deililíkani hefur vægi rannsókna verið aukið umfram það sem kemur fram í reiknilíkani og birtist það í framlagi vegna árangurs í birtingum og rannsóknastyrkjum. Eins og áður segir vegur þessi síðastnefndi þáttur ekki þungt.


Til að koma til móts við sveiflur í nemendafjölda og til að viðhalda stöðugleika var trygging innleidd í deililíkanið. Tryggingin reyndist nauðsynleg því erfitt er að fjölga eða fækka kennurum og öðru starfsfólki til skamms tíma. Tryggingin fellur undir liðinn *annað* í

deililíkaninu en ásamt henni vegur þar þyngst liðurinn framlag vegna fámennra/þjóðlegra greina en saman eru þessir liðir farnir að vega þungt í deililíkaninu. Seinni liðnum er ætlað að styðja sérstaklega kennslu í fámennum greinum þar sem lítil sem engin stærðarhagkvæmni næst. Öll fræðasvið skólans njóta stuðnings vegna fámennra greina (sbr. mynd 4). Stuðningurinn er mismikill eftir fræðasviðum en hann nam alls tæpum hálfum milljarði króna fyrir rekstrarárið 2016.




**Mynd 4:** Framlög vegna fámennra/þjóðlegra greina eftir fræðasviðum 2010-2016

Allt annað gildir um skiptingu tryggingarinnar sem að stærstum hluta rennur nú til Menntavísindasviðs (sbr. mynd 5). Sem fyrr segir er henni ætlað að mæta nemendafækkun en þó einungis tímabundið. Ljóst er að bregðast þarf við með öðrum hætti ef nemendafækkun er viðvarandi.




**Mynd 5:** Trygging eftir fræðasviðum 2010-2016

Uppsafnaðar greiðslur vegna tryggingar á tímabilinu 2010-2016 nema röskum tveimur og hálfum milljarði króna og þar af hafa tveir milljarðar runnið til Menntavísindasviðs (sbr. mynd 6). Skýringin er mikil nemendafækkun á sviðinu frá árinu 2008 en ljóst er að bregðast verður við með öðrum hætti en að nýta trygginguna enda er hún einungis hugsuð sem tímabundin lausn. Hitt ber að taka fram að við sameiningu Kennaraháskólans og Háskóla Íslands árið 2008 kom Menntavísindasvið fyrst inn í deililíkanið. Fram að sameiningu hafði skipting fjárveitingar Kennaraháskólans verið með öðrum hætti og hún þ.a.l. ekki þróast með deililíkaninu eins og önnur starfsemi Háskóla Íslands.



**Mynd 6:** Uppsöfnuð trygging eftir fræðasviðum 2010-2016

Háskólar á Íslandi eru illa fjármagnaðir, hvort heldur sem lítið er á meðaltal OECD-ríkja eða samanburðarskóla á Norðurlöndum. Undirfjármögnun dregur úr gæðum og hamlar þverfaglegu samstarfi innan skólans. Erfitt er að bera saman skiptingu fjármagns innan annarra skóla, enda um allt aðra fjármuni að tefla. Deililíkan Háskóla Íslands skiptir þar af leiðandi alltof litlu fjármagni og lítið sem ekkert fer í strategískar fjárveitingar ef frá eru talin framlög í Aldarafmællissjóð. Allar breytingar á líkaninu eru líka háðar því að það sem einum er bætt upp er hreinlega tekið af öðrum (zero-sum). Hins vegar er ljóst að það hvernig tryggingin hefur þróast undanfarin ár veldur óneitanlega skekkju sem nauðsynlegt er að bregðast við. Taka má dæmi af skiptingu fjármagns fyrir árið 2016 með og án tryggingar, sbr. mynd 7:



**Mynd 7:** Framlag úr deililíkani með og án tryggingar

Myndin er aðeins dæmi og ljóst er að tryggingin verður ekki afnumin nema með einhvers konar mótvægisáðgerðum. Hins vegar er mikilvægt að nýta hana einungs sem tímabundna ráðstöfun og skoða betur hvort ekki beri að setja reglur um endurgreiðslur sviða fari þau á annað borð fram úr reiknuðum fjárveitingum.

Ljóst er að mótvægisáðgerðir vegna tryggingar munu fyrst og fremst beinast að Menntavísindasviði og þurfa að fara saman við einhvers konar breytingar í mannahaldi á sviðinu. Afnáam tryggingarinnar hefur mun minni áhrif á önnur svið og miðað við niðurstöðu úr deililíkaninu árið 2016 hefur afnám hennar þau áhrif að framlag hækkar til annarra sviða.

Komi til auknar fjárveitingar ber einnig að skoða hvort hluti fjárveitinga verði settar í sérstök verkefni til þess að fylgja eftir stefnu skólans (strategískar fjárveitingar).



## VI. Tillögur

Nefndin setur fram hér á eftir nokkrar tillögur um úrbætur. Tillögurnar eru að mestu byggðar á skoðun á deililíkaninu eins og það er kynnt í köflunum hér á undan. Benda má á að nefndin hafði ekki tök á því að prófa tillögurnar á gögnum fyrri ára, en sú vinna er nauðsynleg til að meta betur áhrif þeirra. Nefndin mælir með að næstu skref felist í nánara mati á tillögnum með því að prófa þær á gögnum sl. tveggja ára a.m.k.

1. Setja þarf skýrar reglur um tryggingu (miðlægur stuðningur vegna nemendafækkunar). Þar komi til álita að afnema núverandi fyrirkomulag tryggingar með sólarlagsákvæði. Lagt er til að nýjar reglur kveði meðal annars á um hvernig brugðist verði við fækkun nemenda og hámarkslengd tryggingar hverju sinni.
2. Framlag til fámennra greina í deililíkani er of hátt miðað við framlagið í reiknilíkani. Teknar verði upp viðræður við mennta- og menningarmálaráðuneytið um liðinn *framlag vegna fámennra/þjóðlegra greina*. Þar verði skilgreint hvaða greinar falla undir liðinn og að tryggt verði lágmarksframlag úr reiknilíkani með hverri grein sem fellur undir hann.
3. Settar verði reglur um endurgreiðslu vegna framúrkeyrslu sviða sem myndu miða við allt að 5 ára endurgreiðslutíma og hefðu hliðsjón af nýjum fjárreiðulögum sem gera hallarekstur óheimilan.
4. Lagt er til að greiðslur vegna rannsóknastiga verði hækkaðar verulega til þess að auka vægi árangurs í deililíkaninu. Þessi breyting myndi hvetja til meiri gæða í rannsóknastarfi, sem er í samræmi við stefnu skólans, en um leið draga úr vægi þreyttra eininga í deililíkaninu.
5. Hluti fjárveitinga verði settar í sérstök verkefni til þess að fylgja eftir stefnu skólans (strategískar fjárveitingar). Miða skal við að lágmarki 3% fjárveitinga sé úthlutað með þessum hætti.
6. Lagt er til að skoðaðar verði af hverju sambærileg námskeið fái misháar greiðslur úr deililíkani, enda skal greiða sambærilegt verð fyrir sambærileg námskeið.
7. Deililíkanið verði birt á innri vef háskólans á aðgengilegan hátt. Deililíkanið verði gegnsætt og hægt að sjá eftir árlega úthlutun að hve miklu leyti því hefur verið fylgt og hver frávikin eru.

Að lokum vill nefndin leggja áherslu á að mikilvægt er að Háskóli Íslands taki upp viðræður við mennta- og menningarmálaráðuneyti um breytingar á reiknilíkani ráðuneytisins. Markmiðið verði m.a. að semja um hækkun á verði reikniflokka og hækkun brautskráningarframlags. Mikilvægt er að semja sérstaklega um grunnfjármögnun rannsókna (innviði). Forsenda fyrir frekari breytingum á deililíkaninu er meira fjármagn.